

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Fræðslusjóð Súðavíkurhrepps, útfengin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 15. apríl 1911.
Skipulagsskráin er þannig:

79
15. apríl.

Skipulagsskrá

fyrir „Fræðslusjóð Súðavíkurhrepps“.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Fræðslusjóður Súðavíkurhrepps. Hann er stofnaður af Barnaskólasjóði Súðavíkurhrepps og var í árslok 1909 kr. 2582.11.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins skal ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands.

3. gr.

Í stjórn sjóðsins eru þrír menn; kýs skólanefnd barnaskólahéraðs Súðavíkurhrepps einn þeirra úr sínum flokki, fræðslunefnd fræðsluhéraðs Seyðisfjarðar annan sömuleiðis úr sínum flokki, en þriðji maðurinn er sóknarpresturinn í Eyrar-sókn og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, heldur skal hann aukinn á þann hátt er hér segir:

- a. með því að leggja $\frac{1}{4}$ árlegra vaxta ávalt við höfuðstólinn.
- b. Með gjöfum, er sjóðnum kunna að verða gefnar í því skyni.
- c. Með því að leggja við höfuðstólinn það af árstekjunum, er eigi kann að verða útbýtt.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla mentun fátækra ungmenna í Súðavíkurhreppi. Skal $\frac{3}{4}$ árlegra vaxta hans með þeim takmörkunum, sem nefndar eru í 7. og 8. gr. varið til að styrkja til náms fátæk skólabörn í Súðavíkurhreppi er ekki geta gengið að heiman í barnaskóla Súðavíkurhrepps eða á kenslustað fræðsluhéraðs Seyðisfjarðar.

6. gr.

79

Foreldrar eða vandamenn barnanna sækja um styrk úr sjóðnum til stjórnar hans fyrir lok septembermánaðar ár hvert. Stjórnin ræður styrkveitingum. En skilyrði fyrir því að geta fengið styrk eru:

- að barnið sé 10 ára og ekki eldra en 14 ára,
- að það fullnægi þeim fræðslukröfum er barnafræðslulög landsins gjöra til barna á þeim aldri og
- að það eða foreldrar þess ekki séu á sveit.

7. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 5000 krónur, má árlega verja alt að 50 krónum af árstekjum hans til að styrkja námfúsan pilt eða mey í Súðavíkurhreppi er lokið hafa fullnaðar-barnaprófi við barnaskólann eða í fræðsluhéraðinu með góðum vitnisburði, til að mentast á einhverjum gagnfræða- eða kvennaskóla landsins. Sækja skal bréflaga um styrk þenna til stjórnar sjóðsins. Séu umsækjendur fleiri en einn, ákveður stjórn sjóðsins, hverjum þeirra veittur skuli styrkurinn.

8. gr.

Stjórn sjóðsins tekur á móti tekjum sjóðsins og innir af hendi gjöld hans. Hún semur árlega reikning yfir tekjur hans og gjöld, og sendir sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu til endilegs úrskurðar. Reikningurinn skal birtur í lögbirtinga-blaði landsins, skal kostnaður sá, er þaraf leiðir greiddur af árstekjum sjóðsins.

9. gr.

Sýslunefndin skal gæta þess að skipulagsskrá sjóðsins sé ekki brotin.

10. gr.

Með skipulagsskrá þessari er skipulagsskrá Barnaskólasjóðs Súðavíkurhrepps 24. jan. 1893 úr gildi numin.

11. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Vigur, 5. febrúar 1910.

Sigurður Stefánsson.